

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir flugvöllinn í Reykjavík
og flughöfnina í Skerjafirði frá 31. janúar 1967.

1. gr.

B-liður 1. greinar gjaldskrárinnar orðist þannig:

Millilandaflug:

Fyrir landingar á flugvellinum eða flughöfninni skal greiða kr. 27.67 á hvert tonn flugvélarinnar, miðað við mesta leyfðan flugtaksþunga, allt að 20 tonnum, en kr. 13.83 á hvert tonn, sem þar er fram yfir. Brot úr tonni reiknast sem heilt tonn.

Minnsta gjald er kr. 46.11.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 10. marz 1967.

Ingólfur Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.

Nr. 25.

11. marz 1967.

REGLUGERÐ

um breytingu á breytingu á hafnarreglugerð fyrir landshöfnina
í Keflavík og Njarðvíkum, nr. 25 14. febrúar 1963.

1. gr.

Í 40. gr. reglugerðarinnar, komi ný málsgrein, sem verður 2. málsgrein, svo hljóðandi:

Allur sá varningur, sem um höfnina fer og vega þarf, skal vegast á bifreiðavog hafnarinnar.

2. gr.

Reglugerð þessi staðfestist hér með, samkvæmt lögum um hafnargerðir og landingarbætur nr. 29 23. apríl 1946, sbr. nög nr. 41 5. apríl 1948, og lögum um landshöfn í Keflavíkurkaupstað og Njarðvíkurhreppi, nr. 23 6. maí 1955, sbr. lög nr. 42 21. apríl 1962, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 11. marz 1967.

Eggert G. Þorsteinsson.

Kristinn Gunnarsson.